

**Samband íslenskra sjóminjasafna  
Fornbátaskrá**

**Skýrsla nr. 2**

---

# **Bátaskrá Byggðasafnsins á Garðskaga**



**Helgi Máni Sigurðsson**

**Reykjavík 2019**

## Inngangur

Bátar og skip í eigu eða umsjá Byggðasafnsins á Garðskaga eru sex talsins. Tveir þeirra eru á sýningu innandyra, tveir eru til sýnis á safnsvæðinu utandyra og tveir í geymslu.

Vel fer um þá báta sem eru innandyra. En nokkuð hefur skort á það síðustu árin að bátunum sem standa úti, Braga GK 274 og Hólmsteini GK 20, sé haldið við.

## Efnisyfirlit

Fram .....	2
Hreggviður GK 434 .....	8
Þorsteinn GK 327.....	12
Hólmsteinn GK 20 .....	15
Björgunarbátur .....	21
Bragi GK 274 .....	24



*Árabáturinn og síðar vélbáturinn Fram á sýningu Byggðasafnsins, 2017. Ljósmynd. HMS*

## Fram<sup>1</sup>

**1. Safnnúmer:** BG-1969

**2. Tegund:** Árabátur, sexæringur; síðar vélbátur

**3. Hlutverk:** Fiskibátur; handfæra, lóða- og netaveiðar

**4. Eigandi:** Byggðasafnið Garðskaga

**5. Fyrri eigendur:**

- Fyrir 1900, etv. frá byrjun: Þorsteinn Gíslason (7.11. 1855 - 30.1. 1931)
- Seldur til Vatnsleysustrandar
- Um 1930: Halldór Þorsteinsson (Gíslasonar) útvegsbóndi í Vörum í Garði
- 1940: Vilhjálmur Halldórsson
- 1960: Báturinn er lagd<sup>2</sup>

**6. Varðveislustaður:** Á sýningu Byggðasafnsins á Garðskaga

---

<sup>1</sup> Báturinn er skráður GK 167 árið 1903 skv. „Íslenzkt fiskiveiðaskírteini“ 30.9. 1903.

<sup>2</sup> „Áraskipið Fram.“ Upplýsingaspjald



Fiskveiðiskírteini fyrir Fram frá árinu 1903. Ljósman. HMS

7. Smíðaár: 1887<sup>3</sup>

8. Smiður:

9. Smíðastaður: Vatnsleysuströnd

10. Brúttórúmllestir: 2,35

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 9,0 x 2,17 x 1,0<sup>4</sup>

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Fura og eik; súðbyrtur

13. Skrokklag: Engeyjarlag

14. Þilfar:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

- 1903 er hann kallaður róðrabátur
- Um 1930: Sett var í hann vél, Solo
- Síðar er sett í bátinn Gray-vél

19. Siglingatæki og annar búnaður:

<sup>3</sup> „Beiðni um skrásetningu fiskiskipa“ dags. 30.9. 1903.

<sup>4</sup> Mæling 24.8. 2017, miðað við mestu lengd, breidd og dýpt. Árið 2007 eru skráð mál 8,60 x 2,07 x 0,77, sennilega samkvæmt gömlum mælireglum, sjá upplýsingar á „Íslensku fiskiveiðaskírteini.“



*Árabáturinn Fram séð að framanverðu, 2017. Ljósmynd. HMS*

## **20. Notkunarsaga:**

Fram hafði venjulega sjö manns í áhöfn og stundaði handfæra-, lóða- og netaveiðar.

Hann var gerður út frá Vörum í Garði um áratuga skeið. Þorsteinn Gíslason (1855 - 1931) útvegsbóndi á Melbæ í Leiru, síðar á Meiðastöðum í Garði, eignaðist Fram fyrir aldamótin 1900, jafnvel strax eftir að hann hafði verið smíðaður.<sup>5</sup>

Um aldamótin 1900 byrjar Halldór, sonur Þorsteins, að sækja sjó með föður sínum á skipinu, þá á fjórtánda ári. Sautján ára gamall er Halldór orðinn formaður á Fram. Seinna selur Þorsteinn skipið til Vatnsleysustrandar.

Um 1930 kaupir Halldór Þorsteinsson, þá orðinn útvegsbóndi í Vörum í Garði, Fram aftur í Garðinn og lætur hann þá setja vél í skipið. Skipið er svo gert út frá Vörum. Gíslasonur Halldórs (sonarsonur Þorsteins Gíslasonar) byrjar sjómennsku sína á Fram, þá á sextánda ári, og er formaður á skipinu í nokkur ár.

Árið 1940 lætur Halldór annan son sinn, Vilhjálmm, hafa skipið og gerði Vilhjálmmur Fram út um árabil. Síðastur til að róa á Fram var Sigurður sonur Vilhjálms en um 1960 var bátnum lagt.

Báturinn var fyrst gefinn á Byggðasafn Suðurnesja, Reykjanesbæ. Hann kom á safnið í Garðinum 2005.<sup>6</sup>

## **21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**

---

<sup>5</sup>„Beiðni um skrásetningu fiskiskipa“ 30.9. 1903 og „Íslenskt fiskiveiðaskírteini“ 30.9. 1903. Þorsteinn er skráður eigandi í fyrirnefnda skjalinu og var sennilega raunverulegur eigandi. Björn Finnsson, bóndi á Meiðastöðum, er samt sem áður skráður eigandi í seinna skjalinu. Spurning er hver ástæðan er fyrir að Þorsteinn var ekki skráður eigandi í báðum skjölunum.

<sup>6</sup> „Áraskipið Fram“ upplýsingaspjald

Um 14 varir og lendingar voru á ströndinni frá Garðskaga og að golfvellingum sem er nú. Í einni þeirra, Lambastaðavör, komust fyrir nokkrir bátar. Vélar voru settar frekar seint í báta í Garðinum, um 1910, etv. vegna þess að það þyngdi þá og gerði erfitt að taka þá á land.

Það var aldrei byggð eiginleg bryggja í Garðinum. Steyptur var bryggjustubbur við Lambastaðavör þar sem upphaflega hafði verið sjóvarnargarður. Þegar bátar voru komnir með vél og urðu stærri var gjarnan landað við Lambastaðavör og aflinn unninn þar og skipunum siglt til hafnar í Sandgerði. Stundum voru bátar og skip látin liggja við akkeri fyrir utan Garðinn, sem ekki reyndist alltaf vel.<sup>7</sup>

**22. Ástand báts:** Gott

**23. Upprunaleiki – breytingasaga:**

Þóftur og bönd eru lúin, etv. upprunaleg. Hluti af byrðingi er nýr eða nýlegur. Samsetning borða í byrðingi er með tvennum hætti, með skáskurði eða kubbum. Öldustokkar eru nýir.

**24. Viðhald og viðgerðir:**

Þorvaldur Þorvaldsson, sonur Þorvalds Halldórssonar í Vörum og barnabarn Halldórs Þorsteinssonar, endursmíðaði sexæringinn með aðstoð Gunnars Marels Eggertssonar skipasmiðs. Þannig komu fjórir ættliðir við sögu bátsins.

**25. Heimildir:**

- Ásgeir M. Hjálmarsson, fyrrv. safnstjóri, viðtal 24. ágúst 2017
- „Beiðni um skrásetningu fiskiskips,“ Fram. Umsækjandi: Þorsteinn Gíslason, til heimilis á Meiðastöðum. Dags. 30.9. 1903. Skjal, Þjóðskjalasafni.
- „Íslenzkt fiskiveiðaskírteini“ handa bátnum Fram. Skipstjóri: Þorsteinn Gíslason. Dags. 30.9. 1903. Undirritað af Páli Einarsyni sýslumanni. Skjal, Þjóðskjalasafni.
- „Áraskipið Fram.“ Upplýsingaspjald á sýningu Byggðasafnsins. Á því stendur: „Heimildir: Halldór Þorsteinsson fyrrum útvegsbóndi í Vörum í Garði og fleiri tengdir honum.“

**26. Varðveislustaða:** Aldursfriðaður; safngripur

**27. Almenn umsögn:**

Fram er meðal elstu báta sem til eru á landinu. Hann er gott eintak af Suðurnesjabát frá árabátatímanum. Saga hans er vel skráð.

---

<sup>7</sup> Ásgeir M. Hjálmarsson viðtal





*Halldór Þorsteinsson útvegsbóndi í Vörum afhendir Fram til varðveislu. Ljósmynd. Byggðasafnið á Garðskaga.<sup>8</sup>*

---

<sup>8</sup> Ásgeir M. Hjálmarsson viðtal

## Myndir af Fram

Póftur og bönd eru slitin en öldustokkar og hluti byrðings eru greinilega nýleg.



*Ljós. HMS 24.8. 2017*





*Hreggviður GK 434 þegar hann var á sýningunni á Byggðasafninu í Garði. Ljósmynd: Kjartan Guðmundur.*

## Hreggviður GK 434 <sup>9</sup>

**1. Safnnúmer:** BG-1967

**2. Tegund:** Árabátur, áttæringur; síðar vélbátur

**3. Hlutverk:** Fiskibátur; lóð og net

**4. Eigandi:** Byggðasafnið á Garðskaga

**5. Fyrri eigendur og nöfn:**

- 1913: Kjartan Helgason, Moshúsum<sup>10</sup>
- 1943: Oddur Jónsson í Presthúsum, Garði
- 1955: Benedikt Guðmundsson, Keflavík.
- 1961: Júlíus Jónsson og Helgi Jósefsson, Keflavík. Báturinn fær nafnið Súðin.
- Þorsteinn Bergmann og Guðmundur Ingimundarson frá Garðstöðum, Garði. Báturinn fær nafnið Vilborg. Hann er gerður út á sumrin til ársins 1987.
- 1988: Byggðasafnið fær bátinn til varðveislu.<sup>11</sup>

**6. Varðveislustaður:** Í geymslu Slysavarnafélagsins Landsbjargar í Garði.

---

<sup>9</sup> Skráður GK 434 strax árið 1914

<sup>10</sup> „Íslenskt fiskiveiðaskírteini,“ dags. 14.3. 1914.

<sup>11</sup> Ásgeir M. Hjálmarsson: Byggðsafi Gerðahrepps, Garðskaga (bréf til Ágústar Georgssonar)



*Hreggviður í geymslu 24.8. 2017. Ljós. HMS*

**7. Smíðaár:** 1913<sup>12</sup>

**8. Smiður:** Guðjón Jónsson, Framnesi, Keflavík

**9. Smíðastaður:** Moshús á Hvalsnesi

Smíði bátsins fór fram undir berum himni og var veður fremur risjótt þegar hún hófst. Þegar kjölur hafði verið lagður og kjölsíður voru komnar í vildi safnast vatn í kjalsogið og varð skipasmiðurinn að bora neglugatið til þess að geta haldið smíði áfram. Eigandinn hafði á orði að hann væri í vandræðum með hvað báturinn ætti að heita. Skipasmiðurinn stakk upp á nafninu Hreggviður vegna slæmrar tíðar meðan smíðin stóð yfir.

**10. Brúttórúmllestir:** 3,86<sup>13</sup>

**11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 10,9 x 2,82 x 1,10

**12. Smíðaeefni og samsetning skrokk:** Eik og fura; súðbyrtur

**13. Skrokklag:**

**14. Þilför:**

**15. Yfirbygging:**

**16. Lokuð rými:**

**17. Möstur og seglabúnaður:** Vírstög og spritsegl<sup>14</sup>

**18. Vél:**

- 1943: vél úr Gamla-Ford, fjögurra strokka, í einhver ár
- Undir lokin: Bedford-bílvél, sex strokka

**19. Siglingatæki og annar búnaður:**

---

<sup>12</sup> Skv. „Íslenzku fiskiveiðaskírteini,“ dags. 14.3. 1914.

<sup>13</sup> Sama heimild

<sup>14</sup> „Beiðni um skrásetningu fiskiskips,“ 1914.

**20. Notkunarsaga:** Venjulega voru 6-7 manns í áhöfn. Báturinn var lengst af gerður út til línu- og netaveiða en síðustu árin eingöngu á handfæri.

Oddur Jónsson, Presthúsum í Garði, kaupir bátinn árið 1943. Þá var í honum vél úr Gamla-Ford. Oddur gerir bátinn út frá Króksósi í Garði til 1955. Þá selur hann bátinn Benedikt Guðmundssyni, Keflavík. Árið 1961 kaupa Júlíus Jónsson og Helgi Jósefsson, Keflavík, bátinn og fær hann þá nafnið Súðin.

Báturinn kemur síðan aftur í Garðinn. Eigendur eru þeir Þorsteinn Bergmann og Guðmundur Ingimundarson frá Garðstöðum. Báturinn fær þá nafnið Vilborg.

Síðustu árin réri Guðmundur bátnum á handfæri á sumrin. Síðast var hann á sjó sumarið 1987. Þá var í bátnum Bedford-bílvél, sex strokka. Ásgeir Hjálmarsson fékk bátinn árið 1988 til varðveislu.

**21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**

**22. Ástand báts:** Gott

**23. Upprunaleiki – breytingasaga:**

Báturinn var lengdur. Það gerði Magnús í Hvalsnesi, etv. samtímis því sem sett var í hann vél.<sup>15</sup>

**24. Viðhald og viðgerðir:**



*Botn Hreggviðs, 2017. Báturinn ber það með sér að hafa staðið úti einhvern tíma. Ljósma.: HMS*

**25. Heimildir:**

---

<sup>15</sup> Sarpur.is. Þar er Guðmundur Guðmundsson, Bala, nefndur sem heimildamaður.

- Ásgeir M. Hjálmarsson fyrrv. safnstjóri Byggðasafns Gerðahrepps, Garðskaga. Skýrsla til Ágústar Georgssonar dags. 28. des. 2001. Skjal, Þjóðminjasafni.
- Ásgeir M. Hjálmarsson, viðtal 24.9. 2017
- sarpur.is menningarsögulegt gagnasafn
- „Beiðni um skrásetningu fiskiskips.“ Ár: 1914. Skjal, Þjóðskjalasafn.
- „Íslenzkt fiskveiðaskírteini,“ dags. 14.3. 1914. Skjal, Þjóðskjalasafni
- Jón Allansson: „Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna“ (bls. 20). Rv. 1995.

**26. Varðveislustaða:** Aldursfriðaður; safngripur

**27. Almenn umsögn:**

Hreggviður er gott eintak af áttæringi sem gerður var út frá Suðurnesjum í byrjun 20. aldar.



*Þorsteinn GK 327 í geymslu, 2017. Ljósmynd. HMS*

## Þorsteinn GK 327

1. Safnnúmer: BG-1968
2. Tegund: Opinn vélbátur
3. Hlutverk: Fiskibátur
4. Eigandi: Byggðasafnið á Garðskaga (frá 1999)
5. Fyrri eigandi:
  - Þorsteinn Þorgeirsson frá Lambastöðum í Garði
6. Varðveislustaður: Í geymslu Slysavarnafélagsins Landsbjargar í Garði.
7. Smíðaár: 1932
8. Smiður:
9. Smíðastaður: Keflavík
10. Brúttórúmllestir: 2
11. Lengd, breidd og dýpt í m: 7,17 x 1,93 x 1,10
12. Smíðaefni og samsetning skrokk: Eik og fura; súðbyrtur
13. Skrokklag:
14. Þilför:
15. Yfirbygging:



*Skuturinn og skrúfan á Þorsteini GK. Ljós. HMS*

**16. Lokuð rými:** Vélarhús

**17. Möstur og seglabúnaður:**

**18. Vél:** Gauta-vél frá árinu 1932

**19. Siglingatæki og annar búnaður:**

**20. Notkunarsaga:**

Báturinn var smíðaður fyrir Lambastaðabræður og var alla tíð róíð frá Lambastaðavör sem er vestasta vörin í Garðinum og mjög gamalt útræði.

Þorsteinn Þorgeirsson átti bátinn alla tíð eða þar til hann gaf hann á safnið, 1999.



*Þorsteinn GK 327 tilbúinn á skak. Við hlið hans stendur eigandinn, Þorsteinn Þorgeirsson (1913-2001), sem átti hann frá upphafi. Þorsteinn var sjómaður og bjó á Lambastöðum alla sína tíð. Ljós.: Byggðasafnið á Garðskaga*

**21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**

**22. Ástand báts:** Gott

**23. Upprunaleiki – breytingasaga:**

**24. Viðhald og viðgerðir:**

**25. Heimildir:**

- Ásgeir M. Hjálmarsson fyrrv. safnstjóri Byggðasafn Gerðahrepps, Garðskaga. Skýrsla til Ágústar Georgssonar dags. 28. des. 2001. Skjal, Þjóðminjasafni.
- Ásgeir M. Hjálmarsson, viðtal 24.9. 2017.
- Sarpur menningarsögulegt gagnasafn.
- Minningargrein um Þorstein Þorgeirsson. Mbl.is 15. mars 2001.

**26. Varðveislustaða:** Aldursfriðaður; safngripur

**27. Almenn umsögn:**

Gott eintak af trillu frá því fyrir 1940.



*Hólmsteinn GK 20 á útisvæði Byggðasafnsins. Ljós. KristnyB*

## Hólmsteinn GK 20

- 1. Skipaskrárnúmer:** BS-573
- 2. Tegund:** Vélbátur, alþiljaður
- 3. Hlutverk:** Fiskibátur (lína, dragnót, fiskitroll, humar, net)
- 4. Eigandi:** Byggðasafnið á Garðskaga, frá 2008
- 5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:**
  - 1946: Hafdís GK 20; Gísli Súrsson hf, Hafnarfirði
  - 1956: Sverrir Sigurðsson, Þorbergur Sverrisson og Ólafur Sverrisson, Grindavík
  - 1958: Hólmsteinn GK 20; Guðmundur Eiríksson, Eiríkur Guðmundsson og Júlíus Guðmundsson, Garði (Garðhúsaféðgar). Fyrirtækið Hólmsteinn hf.
  - 2005: Nesfiskur í Garði.<sup>16</sup>
- 6. Varðveislustaður:** Á safnsvæði Byggðasafnsins, utandyra

---

<sup>16</sup> Upplýsingaspjald um borð í Hólmsteini. Jón Björnsson: Íslensk skip.



**7. Smíðaár:** 1946

**8. Hönnun/yfirsmiður:** Sigurjón Einarsson skipasmíðameistari teiknaði og hafði umsjón með smíðinni

**9. Skipasmíðastöð:** Dröfn hf í Hafnarfirði

**10. Brúttórúmllestir:** 43

**11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 17,5 x 4,78 x 2,3

**12. Smíðaefni og samsetning skrokks:** Eik og fura; sléttsúðaður

**13. Skrokklag:**

**14. Þilfar:** Alþiljaður

**15. Yfirbygging:** Stýrishús, hvalbakur

**16. Lokuð rými:** Káeta, lúkar, messi, vélarrúm

**17. Möstur og seglabúnaður:** Tvö möstur. Sören Valentínsson gerði seglabúnaðinn.

**18. Vél:**

- 1946: Lister dísilvél, 160 hö; ganghraði 10 sjómílur. Vélsmiðjan Klettur hf, Hafnarfirði, annaðist niðursetningu hennar.
- 1956: GM dísel vél 240 hö
- 1964: GM dísel vél 240 hö
- 1981: GM dísel vél 240 hö<sup>17</sup>

**19. Siglingatæki og annar búnaður:** Í stýrishúsi eru ratsjá, dýptarmælir, áttaviti, stýrisbúnaður, mælur o.fl. Í káetu er olúkynt miðstöð og í lúkar olúkynt eldavél (Solo).<sup>18</sup>

**20. Notkunarsaga:**

Báturinn hét fyrst Hafdís og var gerður út fyrstu árin frá Hafnarfirði. Síðan var hann seldur til Grindavíkur og gerður út þaðan til ársins 1958 með sama nafni.

Árið 1958 kaupa Garðhúsafeðgar Hólmstein. Hann var gerður út undir þeirra stjórn til ársins 2005. Fyrirtæki þeirra hét Hólmsteinn hf. Þeir verkuðu allan þorsk af bátnum sjálfir. Þeir gerðu bátinn út á línu, dragnót, fiskitroll, humarveiðar, en þó aðallega á þorskanet. Skipstjórar voru m.a. Guðmundur Eiríksson og Júlíus Guðmundsson, sem var lengst með bátinn. Síðasti skipstjórinn var Magnús Guðmundsson frá Réttarholti í Garði.

Hólmsteinn réri frá Sandgerðishöfn í hálfra öld og var happafley með farsæla útgerðarsögu. Mikið aflaðist á hann á þeim 60 árum sem honum var haldið til veiða. Aflatölur eru til í skýrslum og stendur til að safna þeim saman og hafa þær aðgengilegar.

Fiskvinnslufyrirtækið Nesfiskur í Garði keypti Hólmstein hf ásamt fiskhúsi, bát og aflaheimildum. Þeir gerðu bátinn aldrei út og buðu hann fljótlega Byggðasafni Garðskaga til varðveislu. Báturinn var afhentur safninu formlega árið 2008.<sup>19</sup> Eftir það lá hann við bryggju í Sandgerði og var þá í góðu standi með nýrri aðalvél.<sup>20</sup>

**21. Sögulegir atburðir**

Á haustmánuðum 2009 hendir það óhapp að bátur siglir á Hólmstein þar sem hann lá við bryggju í Sandgerði. Stórt gat kom á bátinn og sökk hann á 6-7 mínútum. Strax var

---

<sup>17</sup> Jón Björnsson: Íslensk skip 1

<sup>18</sup> Lýsingin á skipinu kemur úr grein í tímaritinu Ægi, mars 1946.

<sup>19</sup> Skv. Sarpi var það 1999

<sup>20</sup> Upplýsingaspjald byggðasafnsins

hafist handa við að koma honum upp, það gekk mjög vel og var báturinn allur þrifinn og aðalvél skoluð út og er hún í góðu lagi og gangfær. Síðan var drifið í því að flytja bátinn á safnið þar sem hann er nú.<sup>21</sup>

**22. Ástand báts:** Gott/sæmilegt

**23. Upprunaleiki – breytingasaga:**

**24. Viðhald og viðgerðir:**



*Hólmsteinn GK 20 á safnsvæði byggðasafnsins. Hann er við bryggju úr aldar gömlum viðum sem fengust í Viðey, Reykjavík, þegar bryggja þar var rifin. Ljósmynd: 2017: HMS*

**25. Heimildir:**

- Ásgeir M. Hjálmarsson fyrrv. safnstjóri, viðtal 24.9. 2017.
- *Tveir nýir bátar í Hafnarfirði*. Tímaritið Ægir, mars 1946.
- Upplýsingaspjald byggðasafnsins um borð í bátum, samantekt Ásgeir M. Hjálmarsson.
- sarpur.is - menningarsögulegt gagnasafn.
- Jón Björnsson: Íslensk skip I. Rvk. 1990, s. 190.

**26. Varðveislustaða:** Aldursfriðaður; safngripur

**27. Almenn umsögn:**

Báturinn var hefðbundinn vertíðarbátur, einn margra sem gerðir voru út frá ýmsum stöðum á landinu í nokkra áratugi. Hann var farsælt skip sem gerði mikið gagn fyrir sitt sveitarfélag.

---

<sup>21</sup> Upplýsingaspjald byggðasafnsins.

## Myndir af Hólsteini GK 20 24.9. 2017



*Stefni Hólsteins. Ljós. HMS*



*Skutur Hólsteins.. Ljós. HMS*



*Stýrishús Hólsteins.. Ljós. HMS*



*Messi Hólmsteins.. Spjaldið „Hafdís“ var framan á stýrishúsinu fyrstu árin. Ljós. HMS*



*Lúkar Hólmsteins, 2017. Ljós. HMS*



*Loftið í messanum á Hólmsteini. Ljós. HMS*



*Skipverjar um borð í Hólmsteini. Ljós.: Byggðasafnið á Garðskaga*



*Á bryggjustubbum við Lambastaðavör árið 1960. Hólmsteinn er hægra megin. Ljós.:  
Byggðasafnið á Garðskaga*



*Björgunarbáturinn á sýningu Byggðasafnsins á Garðskaga, 2017. Ljósmynd: HMS*

## Björgunarbátur

**1. Safnnúmer:**

**2. Tegund:** Opinn árabátur; vélbátur

**3. Hlutverk:** Björgunarbátur; fiskibátur

**4. Eigandi:** Byggðasafnið á Garðskaga (frá 1995)

**5. Fyrri eigendur:**

- 1961: Guðmundur Jónsson frá Rafnkelsstöðum í Garði
- Guðni Ingimundarson

**6. Varðveislustaður:** Á sýningu Byggðasafnsins

**7. Smíðaár:** 1960-1961

**8. Hönnuður / yfirsmiður:**

**9. Smíðastaður:** Holland

**10. Brúttórúmllestir:**

**11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 5,3 x 1,9 x 0,75

**12. Smíðaeefni og samsetning skrokk:** Eik og mahoní; eirseymdur; sléttsúð

**13. Skrokklag:**

**14. Þilför:**

**15. Yfirbygging:**

**16. Lokuð rými:**

**17. Möstur og seglabúnaður:** Eitt mastur; stórsegl og fokka (allt til og í góðu lagi)

**18. Vél:** Volvo Penta

**19. Siglingatæki og annar búnaður:**



*Mahoní og eir einkenna björgunarbátinn. Seglið er ófúíð. Ljósmynd. HMS*

**20. Notkunarsaga:**

Báturinn, sem gat rúmað 16 manns, kom til landsins með vélbátnum Jóni Garðari, 120 tonna stálbát, sem var smíðaður í Hollandi árið 1961 fyrir Guðmund Jónsson frá Rafnkelsstöðum í Garði. Hann var strax settur á land og geymdur hjá útgerðinni þangað til Guðni Ingimundarson, kranabílstjóri og vélasafnari, keypti hann. Hann setti vél í bátinn af Volvo Penta gerð og er hún í honum ennþá. Guðni reri á bátinum á sumrum á handfæri á Garðsjó sér til gamans. Byggðasafnið fékk bátinn til varðveislu árið 1995.<sup>22</sup>

**21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátinum:**

*Guðni Ingimundarson safnaði tugum bátavéla, gerði þær upp og gaf byggðasafninu.*

**22. Ástand báts:** Gott

**23. Upprunaleiki – breytingasaga:** Eigandi nr. 2 setti í hann mótör.

**24. Viðhald og viðgerðir:**

**25. Heimildir:**

---

<sup>22</sup> Upplýsingaspjald á Byggðasafninu Garðskaga.

- Ásgeir M. Hjálmarsson fyrrv. safnstjóri Byggðasafns Gerðahrepps, Garðskaga. Skýrsla til Ágústar Georgssonar dags. 28. des. 2001. Skjal, Þjóðminjasafni.
- Ásgeir M. Hjálmarsson viðtal 24.9. 2017
- Upplýsingaspjald við bátinn á Byggðasafninu Garðskaga.

**26. Varðveislustaða:** Aldursfriðaður; safngripur

**27. Almenn umsögn:**

Þetta er vandaður bátur og vel við haldið (harðviðartrilla)



*Björgunarbáturinn á sýningu Byggðasafnsins á Garðskaga, 2017. Ljós. HMS*





*Bragi GK 274 á lóð Byggðasafnsins á Garðskaga, 24.8. 2017. Ljós. HMS*

## Bragi GK 274

**1. Skipaskrárnúmer:** BS-1198

**2. Tegund:** Vélbátur

**3. Hlutverk:** Fiskibátur; lína, net og handfæri

**4. Eigandi:** Byggðasafnið á Garðskaga

**5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:**

- 1971: Gautur ÁR 19. Grímur Þórarinsson og Hannes Gunnarsson, Þorlákshöfn.
- 1975: Gautur MB 15. Kjartan Björnsson og Björn Ellertsson, Akraholti Innri-Akraneshreppi.
- 1975: Trausti SH 72. Pálmi Kristjánsson og Þorgils Georgsson, Rifi, Snæfellsnesi.
- 1986: Pálmi Kristjánsson, Rifi, og Elsa Georgsdóttir, Reykjavík.
- 1987: Auðun Stefánsson, Vestmannaeyjum.
- 1987: Guðmundur Jörundsson og Haraldur P. Hólmarsson, Kópavogi.
- 1987: Trausti BA 2. Jón Guðmundsson og Gunnar Karl Garðarsson, Bíldudal.<sup>23</sup>
- (Ingimundur RE 387)
- 1993: Bragi GK 274. Hans Wium Bragason.<sup>24</sup>

**6. Varðveislustaður:** Á safnsvæði Byggðasafnsins, utandyra.

<sup>23</sup> Jón Björnsson Íslensk skip I bls. 33. Íslenskt sjómannaalmanak 1993 bls. 549

<sup>24</sup> Íslenskt sjómannaalmanak 1993 bls. 549



*Bragi GK 274 á lóð Byggðasafnsins á Garðskaga, ásamt vitunum tveimur. Myndin er tekin frá sjóvarnargarðinum. Báturinn hefur ryðgað og fúnað nokkuð síðustu ár. Ljós. 2017. HMS*

**7. Smíðaár:** 1971

**8. Hönnuður / yfirsmiður:**

**9. Skipasmíðastöð:** Bátalón hf, Hafnarfirði (smíðanúmer 401). Báturinn er einn af svokölluðum Bátalónsbátum.

**10. Brúttórúmllestir:** 10,76

**11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 11,7 x 3,36 x 1,27

**12. Smíðaefni og samsetning skrokk:** Fura og eik; súðbyrðingur

**13. Skrokklag:**

**14. Þilför:** Lyft framþilfar (hádekk)

**15. Yfirbygging:** Stýrishús, bakki, lúkarskappi

**16. Lokuð rými:** Lúkar, vélarrúm, lest

**17. Möstur og seglabúnaður:** Frammastur

**18. Aðalvél:** Power Marine 72 kW

**19. Siglingatæki og annar búnaður:**

**20. Notkunarsaga:**

Á bátnum voru stundaðar línu-, neta- og handfæraveiðar. Hann var tekinn af skipaskrá árið 1996 og afhentur safninu 5. des. það ár.

**21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:**

**22. Ástand báts:** Sæmilegt

**23. Upprunaleiki – breytingasaga:** Hann er sennilega nokkuð upprunalegur

**24. Viðhald og viðgerðir:** Viðhaldi hefur verið áfátt síðustu ár



*Bragi GK 274, í Njarðvíkurhöfn. Ljós. Emil Páll*

#### **25. Heimildir:**

- Ásgeir M. Hjálmarsson fyrrv. safnstjóri Byggðasafns Gerðahrepps, Garðskaga. Skýrsla til Ágústar Georgssonar dags. 28. des. 2001. Skjal, Þjóðminjasafni.
- Ásgeir M. Hjálmarsson viðtal 24.8. 2017
- Íslenskt sjómannaalmanak 1993, Rvk. 1992
- Jón Björnsson Íslensk skip I, Rvk. 1990 s. 33

#### **26. Varðveislustaða: Safngripur**

#### **27. Almenn umsögn:**

Áhugaverður bátur, smíðaður hjá Bátalóni, gerður út frá ýmsum höfnum. Vegna lítils viðhalds undanfarin ár fúnar hann hratt.



*Bragi GK 274, lúkrskappi og bakki. Ljós. HMS*